

Fréttabréf



Ábyrgðarmaður: Kristín G. Gestsdóttir

Grunnskóli Hornafjarðar



Foreldrafélagið

Foreldrafélag Grunnskólans færði félagsmiðstöðinni okkar þrykkjunni spil fyrir nemendur og horfa allir fram á skemmtilega spiladaga bæði í Kátakoti og þrykkjunni.

Gjafir frá Pólska sendiráðinu

Pólska sendiráðið kom í heimsókn til okkar mánudaginn 23. október og færði skólanum bókagjafir sem við erum þakklát fyrir að fá á bókasafnið okkar.



Hirðingjar TAKK

Grunnskóli Hornafjarðar vill skila kæru þakklæti til Hirðingjanna, en Hirðingjarnir hafa styrkt frístundastarfið okkar í vetur í sófakaupum og að gera fínt hjá okkur. Þúsund þakkir fyrir það. Þar er setið og lesið og spjallað þegar nemendur eru í inniveru.

List fyrir alla

Við vorum svo heppin að fá í heimsókn til okkar List fyrir alla 2. nóvember. Það voru 1. – 3. bekkur sem var boðið á skemmtun í Sindrabæ. Nemendur voru frábærir og tóku þátt í sýningunni, en kennarar voru búnir að undirbúa nemendur með því að kynna fyrir þeim lögin sem voru í sýningunni. Það var sungið um nornir, köngulær og uppvakninga.



Netumferðaskólinn

Nemendur í 4. – 7. bekk fengu fræðslu frá Fjölmíðla- og persónuvernd þar sem rætt var um netöryggi og tíma sem eytt er á samfélagsmiðlum. Starfsmenn skólans fengu einnig fræðslu um netöryggi, samfélagsmiðla og persónuvernd barna þegar kemur að símanotkun og skjátíma barna. Einnig var boðið upp á fræðslu fyrir foreldra þar sem farið var yfir tölfræðina á bak við samfélagsmiðlana og börnin okkar.

Nú þurfum við að taka okkur tak, sem samfélag varðandi skjánotkun og veru á samfélagsmiðlum þegar kemur að börnunum okkar, en það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Fullorðnir þurfa einnig að líta sér nær og skoða hvaða tíma er ég að eyða á samfélagsmiðlum. Hér á eftir eru leiðbeiningar fyrir foreldra þar sem farið er í netöryggi, persónuvernd, samfélagsmiðla, tölvuleiki, friðhelgisstillingar, skjátíma, algóritma og ýmislegt fleira með umræðupunktum fyrir foreldra. Ég mæli með að foreldrar skoði þessa síðu en hún er sett upp á vef Umboðsmanns barna.

Netumferðarskólinn

- Netöryggi og samfélagsmiðlar** (Icon: Heart with sunglasses)
- Mynddeilingar og samþykki** (Icon: Smiling face with hearts)
- Algóritmar og samskipti á netinu** (Icon: Smiling face with heart eyes)
- Persónuupplýsingar og stafrænt fótspor** (Icon: Heart with closed eyes)
- Miðlalæsi og gagnrýnin hugsun** (Icon: Heart with open eyes)

PERSÓNUVERND
FJÓLMÍDLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Á vefsíðunni <https://midlalaesi.is/> eru sex myndbönd um samfélagsmiðla og líðan barna, fréttir og falsfréttir, áhorf á klám og hatur og einelti á netinu.

Hér svo áhugaverð tölfræði, varðandi netnotkun barna og samfélagsmiðla

- . 60% barna á aldrinum 9-12 ára á Íslandi eru með aðgang á Snapchat og TikTok þrátt fyrir að þar gildi 13 ára aldurstakmark.

- . 60% barna á aldrinum 9-12 ára fengu aðstoð frá foreldrum til að stofna aðgang á samfélagsmiðlum þrátt fyrir að þar gildi 13 ára aldurstakmark.

- . Þriðjungur barna á aldrinum 9-12 ára segir foreldra sína aldrei athuga hvað þau skoði á netinu.

- . 2014 töldu 81% barna á Íslandi í 8.-10. bekk andlega heilsu sína góða eða mjög góða. Árið 2022 var þetta hlutfall komið undir 60%.

- . 2022 sögðust 27% stúlkna í 10. bekk vera ánægðar með líf sitt, það hlutfall hefur hrapað á nokkrum árum úr 40%.

- . Í 8.-10. bekk grunnskóla hafa 51% stúlkna og 22% stráka verið beðin um að senda af sér nektarmynd.

- . Fjórdungur nemenda á unglingastigi hefur rekist á umræður um leiðir til að grenna sig verulega (t.d. með lotugræðgi og lystarstoli).

- . Fimmtungur nemenda á unglingastigi hefur séð hatursskilaboð gagnvart minnihlutahópum, áætlanir um slagsmál og leiðir til að skaða sig líkamlega.

- . Stúlkur fá frekar auglýsingar á netinu um útlitsaðgerðir (t.d. brjóstastækkningar, rassastækkningar og nefaðgerðir), andlitsmeðferðir (t.d. bótox, fylliefni og nálástungur), megrunarvörur og sólbaðsstofur heldur en drengir.

- . Aldrei hafa fleiri börn verið með uppáskrifuð svefnlyf.



Foreldrafréttir

Nú erum við langt komin með að skipa tengla í bekkjarstarfið okkar og er samvera þegar byrjuð í sumum bekkjum. Foreldrar hafa verið að notfæra sér Hrekkjarvökuna sem nú spilar stærra hlutverk með hverju árinu sem líður. Jólasamvera er framundan sem einnig hefur verið vinsæl. Bekkjarsamveran er skipulögð af tenglum og foreldrum, sem ýmist eru með samkomurnar í skólanum eða hvar sem hugmyndaflugið segir til um.

Nýkjörin stjórn Foreldrafélagsins:

Formaður: Hanna Björg Sævarsdóttir

Gjaldkeri: Guðmundur Kristján Guðmundsson

Ritari: Eik Aradóttir

Birna Þórkatla Sæmundsdóttir

Fríða Bryndís Þrúðmarsdóttir



Foreldrar og forsjáraðilar:

Vinnustofur til mótunar Farsældarsáttmála

Sveitarfélagið Hornarfjörður og Heimili og skóli bjóða foreldrum að taka þátt í vinnustofu við gerð Farsældarsáttmála.

Á vinnustofunni fá foreldrar verkfæri sem valdefla þá til þess að stuðla að farsæld barna og samstöðu í sínu samfélagi.

Hlökkum til að sjá þig!

Dagsetning:

Miðvikudaginn 15. nóvember
frá kl. 17:00 - 19:00

Staðsetning:

Vöruhúsið á Höfn í Hornafirði

Vinnustofan eru ætluð foreldrum og forsjáraðilum barna í sveitarfélaginu Hornafirði.

Léttar veitingar í boði.



Frekari upplýsingar um Farsældarsáttmálann:

www.heimiliosskoli.is/farsaeldarsattmalinn



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Parents and guardians:

Workshops for the development of a Prosperity Agreement

Hornafjörður and Heimili og skóli invite parents to take part in a workshop on creating The Prosperity Agreement.

At the workshop, parents get tools that empower them to promote children's prosperity and cooperation in their community.

We look forward to see you!

Date:

Wednesday November 15th.
from 17:00 - 19:00

Location:

Vöruhúsið, Höfn in Hornafjörður

The workshop is intended for parents and guardians in Hornafjörður.

Refreshments will be provided.



More information about the Prosperity Agreement:

www.heimiliosskoli.is/farsaeldarsattmalinn



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

Hafnarhittingur

Stefnt er á að halda Hafnarhitting 29. nóvember n.k. við ætlum að vera í Heppuskóla frá kl. 17:00 - 19:00 eitt og annað verður á dagskránni sem er á vegum foreldrafélagsins, barnvæns samfélags, jólaföndur ofl. ofl.

JÓLA HAFNAR

HITTINGUR

Miðvikudaginn 29.nóvember
kl: 17-19 í Heppuskóla.

Foreldrafélagið verður með
jólaföndur, kynning frá Unicef,
jólamyndir og margt fleira.

TAKTU DAGINN FRÁ

29

NÓVEMBER, 2023

Heppuskóla